

## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 13. júlí 1992

um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin), breytingu á tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE og ákvörðun 90/424/EBE og niðurfellingu á ákvörðun 88/192/EBE

(92/438/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Frá því að ákvörðun ráðsins 88/192/EBE frá 28. mars 1988 um skipulag heilbrigðiseftirlits sem fer fram á skoðunarstöðvum á landamærum með innflutningi frá þriðju löndum (Shift-áætlunin) <sup>(2)</sup> var samþykkt hefur umtalsverður árangur náðst í samræmingu á sviði dýraheilbrigðis.

Meðal annars hefur ráðið samþykkt tilskipun 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(3)</sup>, tilskipun 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(4)</sup> og tilskipun 91/628/EBE frá 19. nóvember 1991 um verndun dýra í flutningi <sup>(5)</sup>.

Þar eð samhæfing á sviði dýraheilbrigðis er í góðum farvegi er rétt að setja ný ákvæði um tölvuvæðingu dýraheilbrigðis-

reglna um innflutning og fella niður ákvörðun 88/192/EBE.

Með þessum nýju ákvæðum skal stuðlað að verndun almannahæilbrigðis og dýraheilbrigðis ásamt því að koma á hinum innri markaði fyrir dýr og dýraafurðir.

Sú staðreynd að eftirlit á innri landamærum verður lagt niður með tilkomu hins innri markaðar eykur enn mikilvægi þess að sett verði ný ákvæði.

Tölvuvæðing dýraheilbrigðisreglna um innflutning þarf að gefa opinberum dýralækni sem hafnar vörusendingu á skoðunarstöð á landamærum kost á skilvirku kerfi til að senda frá sér tilskildar upplýsingar þar að lútandi, auk þess sem tölvuvæðingin felur í sér skráningu gagnasafna yfir allar upplýsingar um skilyrði fyrir innflutningi og upplýsingar um innflutning á dýrum og dýraafurðum.

Breyta ber tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE og 91/628/EBE til samræmis við þetta.

Á grundvelli ákvörðunar ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní 1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála <sup>(6)</sup> skal kveða á um fjárframlag bandalagsins til framkvæmdar á nýjum ráðstöfunum um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning.

Framkvæmdastjórninni skal falið að samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur.

<sup>(1)</sup> Áliti var skilað 10. júlí 1992 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 89, 6. 4. 1988, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/496/EBE (Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/628/EBE (Stjtið. EB nr. L 340, 12. 12. 1991, bls. 17).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 19. Ákvörðuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3763/91 (Stjtið. EB nr. L 356, 24. 12. 1991, bls. 1).

## SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

## 1. gr.

1. Tölvuvæðing dýraheilbrigðisreglna um innflutning skal taka til:

- aðferðar við að koma tilskildum upplýsingum á framfæri ef opinber dýralæknir á skoðunarstöð á landamærum hafnar vörusendingu,
- skráningar og notkunar gagnasafna er varða skilyrði fyrir innflutningi á dýrum og afurðum,
- skráningar og notkunar gagnasafna er varða innflutning til bandalagsins á dýrum og afurðum.

2. Tölvuvæðingin sem um getur í 1. mgr. skal vera í samræmi við gildandi alþjóðlega staðla.

## 2. gr.

Í þessari tilskipun gilda skilgreiningar tilskipana 90/675/EBE, 91/496/EBE og 91/628/EBE eftir því sem við á.

## 3. gr.

1. Upplýsingamiðlunin sem um getur í fyrsta undirlið 1. mgr. 1. gr. varðar skoðunarstöðvar á landamærum, stjórnvöld í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnina.

2. Upplýsingamiðlunin sem um getur í fyrsta undirlið 1. mgr. 1. gr. skal fara fram samkvæmt reglum I. viðauka.

## 4. gr.

1. Gagnasöfnin sem um getur í öðrum undirlið 1. mgr. 1. gr. skulu innihalda allar upplýsingar um skilyrði fyrir innflutningi til bandalagsins á dýrum og afurðum, einkum upplýsingar um skrár yfir viðurkennd þriðju lönd, viðurkenndar starfsstöðvar, verndarráðstafanir sem búið er að samþykkja og viðurkenndar fyrirmyndir að vottorðum.

2. Skráning og notkun gagnasafnanna sem um getur í öðrum undirlið 1. mgr. 1. gr. skal fara fram samkvæmt reglum II. viðauka.

## 5. gr.

1. Gagnasöfnin sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 1. gr. skulu innihalda allar upplýsingar um hverja sendingu dýra eða afurða sem er flutt inn til bandalagsins, einkum

upplýsingar um skilyrði fyrir flutningi á dýrum sem eru sett í III. kafla tilskipunar 91/628/EBE og niðurstöður úr eftirliti sem fer fram samkvæmt tilskipunum 90/675/EBE og 91/496/EBE.

2. Skráning og notkun gagnasafnanna sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 1. gr. skal fara fram samkvæmt reglum III. viðauka.

## 6. gr.

Sá búnaður sem er notaður á skoðunarstöðvum á landamærum, með beitingu þessarar ákvörðunar fyrir augum, má vera sami búnaður og tilgreindur er í 2. mgr. 2. gr. ákvörðunar ráðsins 91/398/EBE frá 19. júlí 1991 um tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo) <sup>(1)</sup>.

## 7. gr.

Ákvörðun 88/192/EBE falli hér með úr gildi.

## 8. gr.

Tilskipun 90/675/EBE er breytt sem hér segir:

1. Við 1. mgr. 4. gr. bætist eftirfarandi undirliður:

„— að engin vísbending um að sendingunni hafi verið hafnað hafi verið gefin með aðferðinni í fyrsta undirlið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin)(\*)“.

(\*) Stjútíð. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27.“

2. Við 2. mgr. 8. gr. bætist eftirfarandi:

„d) fletta upp í gagnasöfnunum sem um getur í öðrum undirlið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 92/438/EBE.“

3. Við iii-lið 2. mgr. 9. gr. bætist eftirfarandi málsliður:

„Hann skal sjá til þess að fram fari nauðsynleg uppfærsla á gagnasöfnunum sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 92/438/EBE.“

4. Í stað fyrsta undirliðar b-liðar 4. mgr. 11. gr. komi:

„— nota tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo) til að tilkynna opinbera dýralækninum á skoðunarstöð viðtökustaðarins að afurðirnar hafi farið um þeirra umdæmi, og hvenær áætlað er að þær berist.“

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 221, 9. 8. 1991, bls. 30.

5. Við b-lið 4. mgr. 11. gr. bætist eftirfarandi málslíður:  
„Í því tilviki skal nota tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðis-  
isyfirvalda (Animo) til að láta lögbær yfirvöld vita.“
6. Í stað fyrsta undirliðar a-liðar 1. mgr. 16. gr. komi:  
„— beita aðferðinni sem kveðið er á um í fyrsta undir-  
lið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 92/438/EBE.“
7. Þriðji undirliður a-liðar 1. mgr. 16. gr. falli niður.
8. Í stað 5. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:  
„5. Ákvæði ákvörðunar 92/438/EBE skulu gilda.“

9. gr.

Tilskipun 91/496/EBE er breytt sem hér segir:

1. Við 1. mgr. 4. gr. bætist eftirfarandi undirliður:  
„— að engin vísbending um að sendingunni hafi verið  
hafnað hafi verið gefin með aðferðinni í fyrsta undir-  
lið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar ráðsins 92/438/EBE  
frá 13. júlí 1992 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðis-  
isreglna um innflutning (Shift-áætlunin)(\*).“  

---

(\*) Stjtið. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27.“
2. Við 2. mgr. 4. gr. bætist eftirfarandi sem önnur undir-  
grein:  
„Eftirlitið skal fara fram eftir að flett hefur verið upp í  
gagnasöfnunum sem um getur í öðrum undirlið 1. mgr.  
1. gr. ákvörðunar 92/438/EBE.“
3. Við 2. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi málslíður:  
„Opinberi dýralæknirinn skal sjá til þess að fram fari  
nauðsynleg uppfærsla á gagnasöfnunum sem um getur  
í þriðja undirlið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 92/438/EBE.“
4. Í stað orðanna „sem um getur í annarri undirgrein  
4. mgr. 12. gr.“ í d-lið 1. mgr. 9. gr. komi „sem um getur í  
20. gr. tilskipunar 90/425/EBE“.
5. Í stað fyrsta undirliðar c-liðar 1. mgr. 12. gr. komi  
eftirfarandi:  
„— beita aðferðinni sem kveðið er á um í fyrsta undir-  
lið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 92/438/EBE.“
6. Þriðji undirliður c-liðar 1. mgr. 12. gr. falli niður.
7. Í stað 4. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:  
„4. Ákvæði ákvörðunar 92/438/EBE skulu gilda.“

8. Orðin „annarri undirgrein“ í fyrstu undirgrein 2. mgr.  
30. gr. falli niður.

10. gr.

Við 11. gr. tilskipunar 91/628/EBE bætist eftirfarandi máls-  
grein:

„5. Ákvæði ákvörðunar ráðsins 92/438/EBE frá  
13. júlí 1992 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna  
um innflutning (Shift-áætlunin)(\*) skulu gilda.“

(\*) Stjtið. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27.“

11. gr.

Við ákvörðun 90/424/EBE bætist eftirfarandi grein:

„37. gr. a

1. Heimilt er að bandalagið veiti fé til tölvuvæðingar  
dýraheilbrigðisreglna um innflutning eins og kveðið er  
á um í ákvörðun 92/438/EBE(\*).
2. Fyrirkomulag fjármögnunar samkvæmt 1. mgr.  
og fjárhæð framlags bandalagsins skal ákvarða í sam-  
ræmi við málsmeðferð 41. gr.

(\*) Stjtið. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27.“

12. gr.

Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um  
framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í  
13. gr.

13. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefnd-  
arinnar um dýraheilbrigði sem komið var á fót með ákvörðun  
68/361/EBE <sup>(1)</sup>, og kallast hér á eftir „nefndin“.
2. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir  
um í þessari grein ber formanni nefndarinnar að vísa málinu  
til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni  
fulltrúa aðildarríkis.
3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefnd-  
ina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal  
skila álit sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formað-  
urinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal sam-  
þykkt með 54 atkvæða meirihluta og vega atkvæði aðildar-  
ríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmáls.  
Formaður greiðir ekki atkvæði.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

4. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

*14. gr.*

Ákvæði þessarar ákvörðunar skal endurskoða fyrir 1. júlí 1995 svo að unnt sé að taka tillit til framfara á sviði vísinda

og gera nauðsynlegar endurbætur, einkum með tilliti til þróunar sem kann þegar að hafa átt sér stað í þeim aðildarríkjum sem lengst eru komin.

*15. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 1992.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. GUMMER

*forseti.*

---

*I. VIÐAUKI*

1. Kerfið byggist á því að sérhvert hlutaðeigandi yfirvald (skoðunarstöð á landamærum, stjórnvald aðildarríkis og framkvæmdastjórnin) hafi frjálstan aðgang að tölvuskráum yfir sendingar dýra eða afurða sem eru endursendar samkvæmt c-lið 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 91/496/EBE eða a-lið 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 90/675/EBE.
2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna uppfæra skrána. Upplýsingar skal senda eins skjótt og auðið er um almennt pakkaskipt fjarskiptakerfi.
3. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á netkerfinu. Velja skal kerfisstjóra og ákveða tækniforskriftir kerfisins í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. þessarar ákvörðunar.
4. Rökin fyrir því að vörusending er endursend skulu færð í skrána. Samþykkinga skal reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 13. gr.

---

*II. VIÐAUKI*

1. Framkvæmdastjórnin skal koma upp gagnasafni yfir skilyrði bandalagsins fyrir innflutningi á lifandi dýrum og afurðum og sjá til þess að sérhvert aðildarríki og sérhver skoðunarstöð á landamærum hafi aðgang að því.
2. Sérhvert aðildarríki skal koma upp gagnasafni yfir innlend skilyrði, sem 1. mgr. nær ekki yfir, fyrir innflutningi á lifandi dýrum og afurðum inn á yfirráðasvæði þess. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að hin aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og allar skoðunarstöðvar bandalagsins á landamærum hafi aðgang að því.
3. Sérhvert aðildarríki skal ákveða með hvaða hætti skoðunarstöðvar þess á landamærum skuli hafa aðgang að gagnasöfnunum sem um getur í 1. og 2. mgr.
4. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á uppfærslu gagnasafnanna sem um getur í 1. mgr. Sérhvert aðildarríki skal bera ábyrgð á uppfærslu gagnasafnanna sem um getur í 2. mgr.
5. Tæknilegar kröfur um samhæfingu gagnasafna og kröfur varðandi uppfærslu þeirra ber að ákveða í samræmi við málsmeðferðina í 13. gr.

---

*III. VIÐAUKI*

1. Sérhvert aðildarríki skal koma upp gagnasafni yfir dýr og afurðir sem er flutt inn á yfirráðasvæði þess.
  2. Sérhvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni, með millibili eða millibilum sem ber að ákveða í samræmi við málsmeðferðina í 13. gr., upplýsingar úr gagnasöfnunum sem um getur í 1. mgr.
  3. Tæknilegar kröfur um samhæfingu gagnasafna og kröfur varðandi upplýsingamiðlun til framkvæmdastjórnarinnar ber að ákveða í samræmi við málsmeðferðina í 13. gr.
-